



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVÁLI
ENDURINNRETTING 2. HÆÐAR
SKILAMAT

FEBRÚAR 2006



EFNISYFIRLIT

0	ALMENNT UM SKILAMAT	3
1.0	UNDIRBÚNINGUR	3
1.1	Lýsing framkvæmdar.....	3
1.2	Áætlunargerð.....	4
1.3	Áætlun um stofnkostnað	4
1.4	Áætlun um rekstrarkostnað.....	4
1.5	Áætlun um fjármögnun	4
2.0	VERKLEG FRAMKVÆMD	6
2.1	Útboð, tilboð og verksamningar.....	6
2.2	Framvinda	6
2.3	Efirlit og úttektir.....	7
3.0	REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	8
3.1	Fjárveiting og áfallinn kostnaður.....	8
3.2	Heildarkostnaður.....	9
3.3	Samanburður við áætlun.....	10
3.4	Einingarkostnaður og stuðlar	11
4.0	SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	12
4.1	Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir.....	12
4.2	Árangur framkvæmdarinnar	12
4.3	Heimildaskrá	12
4.4	Staðfesting skilamats	12

0 ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður gerð grein fyrir endurinnréttingu 2. hæðar fjármálaráðuneytisins í Arnarhváli sem unnin var á árinu 2003.

Um var að ræða innréttingar á hluta 2. hæðar, fyrir starfsmanna- og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, á um 575 m² svæði.

Verkkaupi var fjármálaráðuneytið.

Frumathugunin, *Flutningur starfsmanna- og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins*, frá júní 2003, var unnin af skrifstofustjóra ráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins og haft var samráð við umsjónarmann fasteigna.

Frumathugunin var samþykkt af fjármálaráðuneytinu í júní 2003 þar sem ákveðinn var flutningur starfsmanna- og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins í Arnarhvol. Sú lausn varð möguleg vegna undanfarandi flutnings dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í Skuggasund 3 í september 2003. Ákveðið var að nota tækifærið og koma þeim hluta af starfsemi fjármálaráðuneytisins, sem hefur verið í nærliggjandi byggingum, í þetta rými.

Markmiðið með flutningi skrifstofanna tveggja var að auka hagkvæmni í rekstri ráðuneytisins. Fjöldi starfsmanna er 11 á starfsmannaskrifstofunni og 12 á efnahagsskrifstofunni eða

samtals 23. Við athugun á rýmislausnum var húsnæðið „mátað“ og reyndist henta án mikilla breytinga og fyrir lá að hagkvæmt var að hafa þessa starfsemi ráðuneytisins samliggjandi. Hins vegar var ljóst að húsnæðið lét talsvert á sjá og þörf á endurbótum samhliða aðlögun þess að starfseminni.



Arnarhvoll.

Tillögur að fyrirkomulagi hæðarinnar miðuðust þannig við að fá sem mesta nýtingu út úr þeim hluta 2. hæðar Arnarhváls sem hafði losnað og koma fyrrnefndum skrifstofum haganlega fyrir. Nokkuð ljóst var hvernig meginfyrirkomulag yrði en fyrir lá val um mismunandi tillögur með tilliti til umfangs breytinga. Skoðaðir voru valkostir varðandi frágang lofta og lampa.

Helstu breytingar á herbergjaskipan voru að skipta nokkrum herbergjum upp í tvö, fyrrum ráðherraherbergi yrði breytt í fundaraðstöðu og einnig yrði móttökuástöðu Lindargötu-megin breytt.

Niðurstaða varðandi loft og lampa var sú að endurnýja alla loftlampa og gera ráð fyrir niðurlengdu kerfislofti með hljóðdeyfingu. Ástæðan var nauðsyn hljóðdeyfingar svo og rekstrarhagkvæmni nýrra lampa fram yfir gömlu loftlampana.

Tímaáætlun fyrir hönnunina skyldi miðuðst við að hægt væri hefja framkvæmdir um leið og húsnæðið losnaði.

Samkvæmt niðurstöðu hagkvæmniathugunar, sem gerð var í tengslum við frumathugun verksins, mun fjárfestingin borga sig á um 15 árum.

Fjallað er um fjárveitingar í kafla 3.1.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd verkkaupa.

1.2 Áætlunargerð

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 16. október 2003, að hefja mætti áætlunargerð fyrir umrædda framkvæmd.

Verkefni ráðgjafa var að annast nauðsynlega hönnun á endurinnréttingu Arnarhváls á 2. hæð.

Fylgt var í öllum meginatriðum niðurstöðum frumathugunar. Eins og fram hefur komið voru helstu markmið og viðfangsefni hönnunarinnar fólgin í því að koma fyrir nægilegum fjölda starfsstöðva í einstökum herbergjum miðað við fyrirhugaða starfsemi og starfsmannafjölda. Einnig að hanna breytingar sem gert hafði verið ráð fyrir á fyrrum ráðherraáðstöðu og móttöku.

Um var að ræða endurbætur á um 575 m² húsnæði. Samkvæmt nýju skipulagi 2. hæðar Arnarhváls verður þar starfsmannaskrifstofa austanmegin í húsinu og efnahagsskrifstofa fyrir miðju, en fyrir var þar tekju- og lagaskrifstofa vestanmegin og sameiginlegt fundaherbergi í horninu á móti Arnarhóli. Litlar breytingar eru gerðar á herbergjaskipan. Fyrrum ráðherraherbergi var breytt í fundaraðstöðu og móttaka, þ.e. rýmið upplýsingar og ritarar, var endurinnréttað með einföldu sniði og gert opnara gagnvart gangi.

Ráðgjöf var vegna lítils umfangs verksins ekki boðin út. Fjármálaráðuneytið annaðist val ráðgjafa en FSR hafði umsjón með ráðgjafarsamningi.

Gerður var ráðgjafarsamningur um hönnun milli fjármálaráðuneytisins og Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf., í júní 2003, um arkitekta- og verkfræðiráðgjöf vegna endurinnréttingar Arnarhváls 2. hæðar.

Ráðgjafarstofan sem samið var við, fékk síðan til liðs við sig tvær verkfræðistofur. Í eftirfarandi töflu eru tilgreindir ráðgjafar og heildarsamningsupphæð.

Hönnuður	Fjárhæð kr.
Teiknistofa arkitekta	2.272.125
- Verkfræðistofan Víðsjá ehf.	
- Raflagnateiknistofan ehf.	
Samtals	2.272.125

Allar fjárhæðir í töflunni eru með vsk., en í reikningslegu uppgjöri í kafla 3 eru þær án vsk.

Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. önnuðust arkitektahönnun. Hönnunarstjórn var í höndum Gylfa Guðjónssonar sem var einnig tengiliður ráðgjafa. Verkfræðistofan Víðsjá ehf. annaðist hönnun lagna og Raflagnastofa Thomasar Kaaber raflagnahönnun.



Inngangur Arnarhváls.

1.3 Áætlun um stofnkostnað

Eftirfarandi er heildarkostnaðaráætlun FSR, í september 2003, vegna framkvæmdarinnar.

Heildarkostnaðaráætlun	Upphæð kr.
Hönnun	1.700.000
Framkvæmdakostnaður	14.500.000
Umsjónarkostnaður	1.000.000
Flutningskostnaður	1.000.000
Samtals	18.200.000

Allar fjárhæðir í töflunni eru með vsk. Ekki er tekið tillit til verðlagsbreytinga á framkvæmdatíma.

Í töflu 3.3 Samanburður er áætlaður heildarkostnaður 17,2 m.kr. Því áætlaður flutningskostnaður er ekki meðtalinn en hann var greiddur af ráðuneytinu.


1.4 Áætlun um rekstrarkostnað

Áætlun um rekstrarkostnað var ekki gerð.

1.5 Áætlun um fjármögnun

Fjármögnunaráætlun verkkaupa miðaðist við að kostnaður vegna verksins yrði greiddur af fjárlögum 2003 af liðnum 01-203 *Fasteignir Stjórnarráðsins*.

Fjárlög	Fjárhæð kr.
2003	25,0



Grunnmynd eftir breytingu. Eftir teikningu Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf.

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 16. október 2003, að hefja mætti verklegan hluta framkvæmdarinnar.

Verkefnisstjóri hjá FSR var Jón H. Gestsson verkfræðingur.

Verkið fólst í endurbótum á um 575 m² á 2. hæð að Arnarhváli. Um var að ræða að rífa veggj á nokkrum stöðum á hæðinni vegna breytinga á innra skipulagi ásamt því að loka nokkrum hurðagötum. Loftaklæðingar á hluta hæðarinnar voru fjarlægðar ásamt öllum lömpum á hæðinni. Þá voru fjarlægð gólfefni og lögð ný á um 300 m². Sett voru ný niðurtekin loft ásamt nýjum lömpum. Þá voru smíðaðir nýir léttir innveggir á nokkrum stöðum, alls um 100 m², ný afgreiðsla og innrétting í kaffikrök. Lagðar voru raflagnir vegna breytinga á veggjum. Innveggir og útveggir að innan voru málðir ásamt gluggum og hurðum.

Boðið var út verkið *Fjármálaráðuneytið Arnarhváli endurinnrétting 2. hæðar*.

Niðurstöður útboðsins voru eftirfarandi.

Bjóðandi	Upphæð kr.	Hlutfall
Handlaginn ehf.	16.302.938	92,4%
Bygg.félagið Bogi ehf.	17.033.901	96,6%
Kristján Ólason	17.643.320	100,0%
Beyki ehf.	17.720.283	100,5%
Silfursteinn ehf.	17.738.679	100,6%
Parfaping ehf.	18.075.268	102,5%
Pálmatré ehf.	18.460.051	104,7%
TVT ehf.	19.165.840	108,7%
Fagtækni ehf.	19.318.441	109,5%
H.B. Harðarson ehf.	19.386.275	109,9%
M.Gott ehf.	19.598.455	111,1%
Heggur ehf.	19.728.372	111,8%
Spöng ehf.	19.729.060	111,9%
Byggó ehf.	19.933.029	113,0%
Gamlhús ehf.	20.159.359	114,3%
Byggís ehf.	21.181.300	120,1%
Serkur ehf.	22.917.235	129,9%
Kostnaðaráætlun	17.638.490	100,0%

Þann 20. október 2003 var tekið tilboði Handlagins ehf. að fjárhæð 16.302.938 kr. sem var 92,4% af kostnaðaráætlun.

Gerður var verksamningur um verkið *Fjármálaráðuneytið endurinnrétting 2. hæðar*, í nóvember 2003, milli forsætisráðuneytisins og Handlagins ehf. Samningsfjárhæðin var 16.302.938 kr. með vsk.

2.2 Framvinda

Verktaki hóf framkvæmdir þann 21. október 2003.

Til að sem minnst truflun yrði á starfsemi var ekki framkvæmt á öllu svæðinu samtímis en framkvæmdinni skipt í svæði. Hófst vinna við gerð þriggja skrifstofa í vesturluta á svæði, merktu 1a á teikningu. Var þeirri vinnu lokið þrem vikum eftir að framkvæmdir á verkstað hófust.

Á sama tíma og framkvæmdir á svæði 1a hófust, var vinna hafin við framkvæmdir á svæði 1b. Þegar framkvæmdum á svæði 1a var lokið þá flutti starfsfólk sem hafði skrifstofur á svæði 2 yfir í skrifstofur á svæði 1a. Að því loknu hófst vinna á svæði 2.



Séð inn gang við móttöku.



Í móttöku.



Gangur.

Verkið gekk eðlilega fyrir sig að öðru leyti en því að í framkvæmdinni komu upp vandkvæði á því að fella lampa inn í loftakerfið. Málið var leyst með því að velja minni lampa en ráðgert hafði verið og styrkja loftaplötturnar með krossviði.

Þá var aukið við framkvæmdina þar sem ákveðið var að skipta um gólfefni í austurhluta 2 hæðar. Þar hafði ekki verið gert ráð fyrir að skipta um gólfefni en það reyndist nauðsynlegt vegna mislitunar á gólfefni sem kom fram þegar búið var að fjarlægja innréttingar og veggj. Nokkuð var um aukaverk, m.a. þurfti að flota gólf þar sem veggir voru rifnir þar sem gólf voru í mismunandi hæð í rýmum að þeim veggjum sem voru rifnir. Þá reyndust raflagnir og pípulagnir ekki eins og ráð hafði verið fyrir og laga þurfti klæðningar á veggjum vegna misþykktar og skemmda.

Verkinu lauk með lokaúttekt 23. desember 2003, sem var 7 dögum síðar en veklok í verksamningi. Tafabótum var ekki beitt en fallist var á framlenginu á verkinu vegna aukaverka.



Ljósritun og prentun.

2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdum var á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins og framkvæmt af starfsmanni hennar.

Umfang vinnu við umsjón og eftirlit er jafnan hlutfallslega mikið í smáum endurbótaverkum og svo reyndist í þessu verki.

Lokaúttekt var gerð þann 23. desember 2003.



Parket var slípað upp i fundarherbergi og víðar.



Skrifstofa. eftir endurnýjun.



3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Fjárveiting og áfallinn kostnaður

Yfirlit fjárveitinga, innborgana og áfallins kostnaðar

Áfallinn kostnaður				Innborganir til FSR	
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	Miðað við BVT 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur ráðun. á verðlagi hvers árs kr.	Fjárlög 01-203-6.25	
2003	21.632.057	7.576.903	18.600.000	18.600.000	
2004	661.023	222.417	3.531.057	3.500.000	
2005	186.800	59.604	348.823	0	
Samtals	22.479.880	7.858.924	22.479.880	22.100.000	
Innborganir til FSR samtals			22.479.880		

3.2 Heildarkostnaður

Sundurliðun kostnaðar		
	kr.	samts kr.
Samningsverk		
Ráðgjöf		
Hönnun	1.195.454	
Ráðgjöf önnur en hönnun	0	
Kostnaður tengdur ráðgjöf	11.404	
Kostnaður samtals		1.206.858
Umsjón og eftirlit		
Umsjón með verkefni	947.877	
Eftirlit með verklegri framkvæmd	775.000	
Kostnaður samtals		1.722.877
Verkframkvæmd		
Samningsgreiðslur	16.611.379	
Magnbreytingar	0	
Aukaverk	2.792.150	
Kostnaður samtals		19.403.529
Gjöld og rekstur á framkvæmdatíma		
Opinber gjöld	0	
Rekstur á framkvæmdatíma	0	
Kostnaður samtals		0
Búnaður og listskreyting		
Búnaður	0	
Listskreyting	0	
Kostnaður samtals		0
Samningsverk samtals		
		22.333.264
Viðbótarverk		
Verkframkvæmd	146.616	
Búnaður	0	
Viðbótarverk samtals		146.616
Heildarkostnaður við Fjármálaráðuneyti, 2. hæð		
		22.479.880
Heildarkostnaður í m.kr.		
		22,5

3.3 Samanburður við áætlun

Samanburður á áætluðum kostnaði og raunkostnaði

	Raunkostnaður á verðlagi hvers árs m.kr.	Áætlun á verðlagi BVT 287,3 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi BVT 287,3 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur %
Samningsverk				
Ráðgjöf	1,2	1,7	1,2	-29%
Umsjón og eftirlit	1,7	1,0	1,7	70%
Verkframkvæmd	19,4	14,5	19,5	35%
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	0,0	0,0	0,0	-
Búnaður og listskreyting	0,0	0,0	0,0	-
Samningsverk samtals	22,3	17,2	22,4	30%
Viðbótarverk				
Verkframkvæmd	0,1		0,1	
Búnaður	0,0		0,0	
Viðbótarverk samtals	0,1		0,1	
Heildarkostnaður í m.kr.	22,5		22,6	

3.4 Einingarkostnaður og stuðlar

Einingarkostnaður	m ²	kr. / m ²
	Stærðir	Einingarkostnaður
Á verðlagi hvers árs	m ²	kr. / m ²
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	575,0	39.095
Stærðir og einingarkostnaður með búnaði	575,0	-
Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt.=100)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	575,0	13.668
Stærðir og einingarkostnaður með búnaði	575,0	-
Á verðlagi í desember, 2005 (bvt.=316,6)		
Stærðir og einingarkostnaður án búnaðar	575,0	43.272
Stærðir og einingarkostnaður með búnaði	575,0	-

Stuðlar	
Magntölustuðull	1,000
Aukaverkastuðull	1,168
Viðbótarverkastuðull	1,009

Hugtakaskýringar

Magntölustuðull er mælikvarði á nákvæmni magntalna í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna magnaukninga og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $MS = 1 + \text{kostnaður vegna magnaukninga} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engar magnbreytingar eiga sér stað, hann verður stærri en 1 ef magn eykst við framkvæmd verksins og minni en 1 ef magnminnkun verður.

Aukaverkastuðull er mælikvarði á nákvæmni eða gæði útboðsgagna en aukaverk eru skilgreind sem sá aukakostnaður sem verður til í hverju verki vegna ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna aukaverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $AS = 1 + \text{kostnaður vegna aukaverka} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engin aukaverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 ef stofnað er til aukaverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull verður aldrei minni en 1.

Viðbótarverkastuðull er mælikvarði á gæði undirbúnings verksins en viðbótarverk eru skilgreind sem sá viðbótarkostnaður sem til verður í hverju verki vegna ákvarðana verkkaupa um breytingar (viðbætur) á verkinu á framkvæmdatíma. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna viðbótarverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e.

$VS = 1 + \text{kostnaður vegna viðbótarverka} / \text{samningsfjárhæð}$

Stuðullinn verður því einn ef engin viðbótarverk eru framkvæmd og hann verður stærri en 1 stofnað er til viðbótarverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull getur orðið minni en einn ef verkkaupi tekur ákvörðun um að breyta verki til kostnaðarlækkunar, t.d. með því að minnka gæði á fyrirskrifuðu efni eða útfærslu.

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar borin eru saman álíka stór hús til sömu eða svipaðra nota. Almennt lækkar kostnaður á stærðareiningu eftir því sem húsin eru stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í húsunum sjálfum.

Til samanburðar við hliðstæðar framkvæmdir eru hér nefnd verk sem einnig voru endurbætur skrifstofuhúsnæðis á Reykjavíkursvæðinu. Fyrsta dæmið er Tollhúsið, Tryggvagötu 19, þar sem endurbætt var fyrir deild Tollstjóraembættisins á árunum 1999 til 2000. Næsta dæmi er Laugavegur 166, 1. hæð, þar sem var endurinnréttað vegna stækkunar á húsnæðis Ríkisskattstjóra á árunum 2000 til 2001. Í þriðja lagi endurinnréttning fyrir skrifstofur Listasafns Íslands að Laufásvegi 12. Þá er í fjórða lagi tekið sem til samanburðar Skuggasund 3, endurbætur sem framkvæmdar voru árið 2003. Borinn er saman kostnaður á m² án búnaðar miðað við byggingarvísitölu 100 í júlí 1987.

Bygging	Stærð í m ²	Kostn./ m ²
Tryggvagata 19, 1. hæð	366	25.419
Laugavegur 166, 1. hæð	829	19.311
L.Í., Laufásvegur 12	854	26.403
Skuggasund 3, endurb.	1.300	22.219
Fjármálaráðuneyti 2. h.	575	13.668

Í þessum dæmum telst fermetraverð við endurbætur ekki hátt, enda var í öllum tilvikunum um að ræða fremur takmarkaða endurnýjun. Til dæmis var lítið um nýja innveggi, þó heldur fleiri í tilviki Laufásvegs en hinna. Í Arnarhvoli var vegna varðveislusjónarmiða minna breytt en annars, þar var ekki svigrúm fyrir loftstokka og loftræstilagnir hafðar með einfaldari hætti.

4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Í samanburðinum er einingarverð fjármálaráðuneytis mun lægra en í hinum dæmunum. Það telst enn hagstæðra þar sem er húsnæðið er minna en í samanburðardæmunum.

Eins og fram kemur í töflu 3.2 var heildarkostnaður um 22,5 m.kr. á verðlagi hvers árs. Í töflu 3.3 kemur fram að raunkostnaður var 30% hærri en áætlaður kostnaður.

Í töflu 3.4 eru stuðlar sem greina hlutfallslegan kostnað og kemur þar fram að magnaukningar voru engar, aukaverk 16,8% og viðbótarverk óveruleg.

Árangur framkvæmdarinnar var í heild góður, sérstaklega á það við um einingarkostnað, einnig gæði því verkið skilaði því vel sem stefnt var að. Verktími var stuttur og náðist samt að klára framkvæmdir á tilskyldum tíma.



4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 grein 16. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001 grein 7.

Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneyti 21. sept. 2001.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Bókhald. Verkmöppur. Ljósmyndir. Fyrri skilamöt.

Annað

Teikning arkitekts. Myndir teknar af eftirliti. Framvinduskýrslur eftirlitsmanns.

4.4 Staðfesting skilamats

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri